

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 1. október 2024

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um sorgarleyfi (aukin réttindi foreldra).

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi um breytingu á lögum um sorgarleyfi (aukin réttindi foreldra) sem birtist á samráðsgátt stjórnvalda 18. september sl.

FA lýsir yfir eindregnum stuðningi við frumvarpsdrögin, líkt og 2021 þegar frumvarpsdrög varðandi sorgarleyfi vegna barnsmíssis voru til samráðs. Mikilvægt er fyrir starfsfólk að fá tíma til að syrgja og svigrúm til sorgarúrvinnslu til að auka líkur á farsælli endurkomu á vinnumarkað og koma í veg fyrir fjárhagsáhyggjur á meðan því stendur. Makamissir er meðal mestu áfalla sem fólk getur lent í og því mikilvægt að bæta því við með þessum frumvarpsdrögum til að bæta stöðu eftirlifandi maka á erfiðum tímum.

Virðingarfyllst,
f.h. FA



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur